

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs  
Dags. 6. október 2017  
Mnr. 2017100014



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Skólalóð Grunnskólans á Ísafirði

Í framhaldi af stækkun Grunnskólans á Ísafirði fyrir um 10 árum var teiknuð skólalóð sem aldrei hefur verið kláruð. Málið var tekið upp árið 2013 og teikningu breytt með þarfir 5 ára barna í huga og sá hluti sem 5 ára börnin áttu að nýta var kláraður að hluta. Lóðin sjálf hefur hinsvegar aldrei verið kláruð, hvorki klárað að girða hana né búa hana tækjum.

Undirrituð hefur rætt málið við sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs sem upplýsir að lóðin sé ekki á framkvæmdaráætlun sem stendur. Undirrituð fer þess á leit við bæjarráð að það verði tekið til endurskoðunar og lóðin verði kláruð sem fyrst eða í það minnsta sett á áætlun.

Meðfylgjandi er teikning að lóðinni frá því í júní 2013 (málsnúmer 2012030090).

Margrét Halldórsdóttir